

## Málrækt

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta en með því tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barnsins. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum og að barn hafi góða málfyrirmyndir.

Lögð er áhersla á:

- að börnin læri að tala vandað íslenskt mál
- að auka orðaforða og framsögn
- að börnin tjái hugsanir sínar og tilfinningar
- að vel sé vandað til vals á bókum

## Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldum þess svo að þau finni sig velkomin í skólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft mikla þýðingu fyrir líðan þess í leikskólanum. Nauðsynlegt er að foreldrar láti kennara vita þegar þeir koma með barnið eða sækja það.

Lögð er áhersla á:

- að tekið sé vel á móti börnum og foreldrum og þau kvödd
- að barnið upplifi sig mikilvægt

## Hópastarf

Hópastarf eflir félagsþroska barna og er grundvöllur fyrir góð samskipti, samstarf og vináttu. Börn kæra að starfa saman í hópi, litlum eða stórum. Börn sem eru saman í hópi læra að þekkja hvernt annað, treysta hvert öðru, taka tillit til hvers annars og virða skonanir annara.

Lögð er áhersla á:

- að skipta börnum í hópa eftri aldri og þroska
- að styrkja einstaklinginn
- að auka samskiptahæfni

## Samverustundir - söngstundir - sögustundir.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barna. Efni þeirra er miðað við aldur og þroska þeirra.

Lögð er áhersla á:

- að samverustundir séu á skipulögðum tímum yfir daginn
- að börnin læri að vera bæði í minni og stærri hópum
- að allir eigi notalega stund saman
- að lesa, syngja og spjalla saman
- að læra að taka tillit til annarra

## **Spjaldtölvur**

Leggja ber áherslu á samstarf barna í tölvuvinnu og þau eru örvuð til sjálfstæðra vinnubragða. Val á forrtium taki mið af uppeldisstefnu skólans.